

Alþingi
Erindi nr. P 140/1181
komudagur 27.2.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2012

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 278. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 278. mál. SVP hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja fá að koma á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd eftirfarandi athugasemdum.

Hvað varðar almennt efni frumvarpsins gera SVP ekki athugasemdir. Þá benda samtökin á að samkvæmt athugasemdum við frumvarpið kemur fram að við undirbúning þess hafi m.a. verið haft samráð við ISNIC, þ.e. Internet á Íslandi hf., sem að óbreyttu hefur með skráningu léna hér á landi að gera. Telja SVP mikilvægt að frumvarpið sé í samræmi við það samráð enda um að ræða verulegt inngríp inn í starfsemi fyrirtækisins sem hefur byggt upp og fjárfest í starfsemi sinni í góðri trú og lögmætum væntingum sem og á grundvelli lögmætra gerninga á þessu sviði. Í því samhengi vísast m.a. til eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Að því slepptu óska SVP í kjölfarið eftir að koma á framfæri við nefndina ábendingum varðandi einstaka ákvæðum frumvarpsins.

Í h-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að skráningarstofa íslensks höfuðsléns skuli uppfylla m.a. það skilyrði að eigendur skráningarstofu rýri ekki efnahag fyrirtækisins eða geri aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum fyrirtækisins til að uppfylla skyldur samkvæmt lögnum. SVP gera ekki athugasemdir við að kröfur sem þessar séu gerðar til eigenda. Hins vegar telja samtökin að margt í þessu skilyrði sé verulega háð huglægu mati hverju sinni og því verði beiting þess ávallt undirorpin einstaklingsbundnu mati og túlkun. Í ljósi þessa telja SVP óheppilegt að í skýringu við ákvæðið í frumvarpinu er ekki að finna umfjöllun um þetta skilyrði sem gæti um leið gagnast sem lögskýringargagn komi til þess að beita þurfi ákvæði þessu síðar meir. SVP telja það vera til bóta að settar verði leiðbeiningar eða viðmið varðandi túlkun þessa skilyrðis þannig að beiting þess verði ekki eins háð einstaklingsbundnu mati hverju sinni. Væri slíkt til bóta fyrir bæði eftirlitsaðila sem og eigendur fyrirtækjanna.

Í 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun að taka yfir starfsemi sem lögin kveða á um, þ.m.t. búnað og gagnagrunn sem nauðsynlegur er til þess að tryggja órofna starfsemi landslénsins. SVP gera ekki athugasemd varðandi þessa heimild enda er henni ætlað, eins og fram kemur í ákvæðinu, að tryggja órofna starfsemi lénsins. Hins vegar telja samtökin skorta ákvæði varðandi endurúthlutun þessarar starfsemi enda er ekki eingöngu um að ræða úthlutun á tilteknu starfsleyfi heldur einnig yfirfærsla á tækjabúnaði þeim sem nauðsynlegur er til rekstrarins og tekinn hefur verið yfir af stofnuninni. Telja SVP að slík útfærsla myndi auka á gagnsæi eftirlitsins sem og endurúthlutun á þessum eignum.

Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstaka ráðgjafarnefnd um lénsból. Þar segir að ráðherra er heimilt að skipa umrædda ráðgjafarnefnd til þriggja ára í senn og er í athugasemdum við ákvæði þetta vísað til þess að nefnd þessi eigi sér fyrirmynd í fjarskiptalögum þar sem kveðið er á um fjarskiptaráð. Hins vegar er ekki nánar kveðið á skipun nefndarinnar, þ.e. annað en að ráðherra skuli skipa hana til þriggja ára. SVÞ benda á að í 7. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga segir að ráðherra skipi tvo fulltrúa í fjarskiptaráð án tilnefningar og skal annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í ráðinu skipar ráðherra úr hópi helstu hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem hann setur þar um. Samtökin telja heppilegt að framangreint ákvæði 18. gr. frumvarpsins verði útfært á svipaðan hátt og sambærilegt ákvæði fjarskiptalaga þannig að fyllt verði út í tómlæti laganna varðandi skipun umræddrar ráðgjafarnefndar.

Að öðru leyti gera SVÞ ekki frekari athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllt,
f.h. SVÞ



Lára M.K. Ólafsson
lögfræðingur